

REGLUR

um fjárhagsaðstoð hjá Sveitarfélaginu Hornafirði.

I. KAFLI

Inntak fjárhagsaðstoðar.

1. gr.

Inntak fjárhagsaðstoðar.

Fjárhagsaðstoð skal veitt til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar í samræmi við IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. III. kafla þessara reglna.

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, svo sem með húsbúnaðarstyrk, styrk vegna náms eða óvæntra áfalla, í samræmi við IV. kafla reglna þessara.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Áður en fjárhagsaðstoð er veitt skal kanna rétt umsækjanda til annarra greiðslna, svo sem frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki. Fjárhagsaðstoð er ætluð til framfærslu til að mæta grunnþörfum. Hún skal að jafnaði veitt íbúum í tímabundnum erfiðleikum og er ekki ætluð til fjárfestinga eða greiðslu skulda nema sérstakar ástæður mæli með öðru.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsþjónustu, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

2. gr.

Framfærsluskylða.

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 40/1991. Þeim sem sækja um aðstoð samkvæmt reglum þessum er skylt að leita sér að atvinnu og taka þeirri atvinnu sem býðst, nema veikindi, örorka, hár aldur eða aðrar staðfestar ástæður hamli því.

Fólk sem er í skráðri sambúð í þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón, enda hafi sambúðin verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

3. gr.

Réttur.

Einstaklingar og fjölskyldur sem eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði geta eingöngu sótt um fjárhagsaðstoð til velferðarsviðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar samkvæmt reglum þessum. Umsækjandi skal dvelja á Íslandi á því tímabili sem hann fær fjárhagsaðstoð. Ef starfsmaður velferðarsviðs telur dvöl umsækjanda í sveitarfélaginu, þrátt fyrir skráð lögheimili, ekki ígildi fastrar búsetu, sbr. lög um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018, skal tekin rökstudd ákvörðun um hvort málið verði sent Þjóðskrá til nánari athugunar. Við slíka ákvörðun skal gæta að rannsóknarreglu og meðalhöfsreglu stjórnsýsluréttar.

4. gr.

Form fjárhagsaðstoðar.

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Starfsmönnum velferðarsviðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar er óheimilt að veita lán nema með samþykki velferðarnefndar. Ef umsækjandi sækir um lán til velferðarnefndar skal tekin afstaða til þess hvort að eðlilegt sé að gera kröfu um endurgreiðslu með tilliti til eigna í samræmi við 9. gr. þessara reglna og framtíðartekna, sbr. 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

5. gr.

Tímabil samþykkis hverju sinni.

Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjá mánuði. Þegar ljóst er að aðstæður umsækjenda muni ekki breytast á næstu sex mánuðum er heimilt að samþykkja aðstoð í lengri tíma. Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en sex mánuði skulu kannaðar sérstaklega af starfsmönnum velferðarsviðs með hliðsjón af rannsóknarreglu stjórnsýsluréttar.

Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vikulega vegna sérstakra aðstæðna.

6. gr.

Fjárhagsaðstoð aftur í tímann.

Fjárhagsaðstoð er að jafnaði ekki veitt aftur í tímann. Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð einn mánuð aftur í tímann eftir að umsókn er lögð fram, enda sýni umsækjandi fram á að hann hafi uppfyllt skilyrði aðstoðar á því tímabili.

Í sérstökum tilvikum, þegar veigamikil rök mæla með því, getur velferðarnefnd samþykkt að veita fjárhagsaðstoð lengra aftur í tímann, enda sýni umsækjandi fram á að honum hafi verið ómögulegt eða verulega íþyngjandi að sækja um fyrr. Sem dæmi um slík veigamikil rök geta talist alvarleg veikindi umsækjanda eða náins ættingja, skyndilegur missir ástvinar, hamfarir eða önnur sambærileg óviðráðanleg atvik sem komu í veg fyrir að umsókn væri lögð fram fyrr. Slík aðstoð skal þó aldrei ná lengra aftur en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Skilyrði fjárhagsaðstoðar skulu vera uppfyllt allt það tímabil sem sótt er um aðstoð vegna, og skal það rökstutt sérstaklega.

II. KAFLI

Umsókn um fjárhagsaðstoð.

7. gr.

Umsókn og fylgigögn.

Umsókn um fjárhagsaðstoð til framfærslu skal að jafnaði lögð fram rafrænt í gegnum fjárhagsaðstoð sveitarfélaga á www.island.is sem er einnig aðgengileg á íbúagátt á vefsíðu sveitarfélagsins. Umsókn um styrki skal að jafnaði lögð fram rafrænt í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins. Á umsókninni skulu koma fram upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri og nákvæmar upplýsingar um tekjur og eignir. Umsókn skal fylgja staðfest skattframtal vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, Atvinnuleysisstryggingasjóði og sjúkrasjóðum stéttarfélaga.

Til að staðfesta fjárhagsstöðu og eignir umsækjanda geta starfsmenn velferðarsviðs einnig farið fram á að fá eftirfarandi upplýsingar:

a. Staðfestingu á innstæðu á öllum bankareikningum umsækjanda og maka hans á umsóknardegi.

- b. Yfirlit yfir innborganir á bankareikninga sem sýna tekjur umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan.

Ef starfsmenn velferðarsviðs telja, á grundvelli rökstuddra ástæðna, að frekari upplýsinga sé þörf til að meta rétt til fjárhagsaðstoðar, er þeim heimilt að óska eftir ítarlegra yfirliti yfir hreyfingar á bankareikningum. Slík beiðni skal ávallt rökstudd skriflega og skal afla upplýsinganna í samráði við umsækjanda og með samþykki hans. Skal þá gæta fyllsta meðalhófs og lágmörkunar gagna í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa staðfestingu frá Vinnumálastofnun um stöðu sína þar, þar á meðal um skráningu sem atvinnuleitandi, rétt til atvinnuleysisbóta, nýtingu bótaréttar og eftir atvikum viðurlög eða greiðslustöðvun. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann ávallt hafa fullnýtt bótarétt sinn áður en fjárhagsaðstoð sveitarfélags er veitt. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði.

Til að umsókn verði afgreidd fyrir næstu mánaðamót þarf hún að berast í síðasta lagi 20. hvers mánaðar. Berist umsókn eftir þann tíma og fram til mánaðamóta verður hún afgreidd eigi síðar en 15. næsta mánaðar.

8. gr.

Upplýsingar um tekjur og fjárhag umsækjanda.

Starfsmenn velferðarsviðs geta, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, svo sem hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum og Atvinnuleysistryggingasjóði. Slík öflun upplýsinga skal gerð í samráði við umsækjanda og að fengnu samþykki hans. Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka án gildrar ástæðu, getur afgreiðsla umsóknar stöðvast.

Skýlt er að veita starfsmönnum velferðarsviðs upplýsingar úr skattframtölum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar. Sama gildir um upplýsingar úr skattframtölum lögskylds framfæranda, enda hafi umsækjandi veitt starfsmönnum velferðarsviðs umboð til að afla þessara upplýsinga, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

9. gr.

Eignamörk og mat á eignum.

Við mat á rétti til fjárhagsaðstoðar skal taka tillit til eigna umsækjanda, maka eða sambúðaraðila sem nýst geta til framfærslu, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Eftirfarandi eignir teljast ekki til við mat á eignamörkum:

- Íbúðarhúsnæði: Íbúðarhúsnæði sem umsækjandi, maki eða sambúðaraðili hefur til eigin nota og er skráð lögheimili.
- Bifreið: Ein fjölskyldubifreið að verðmæti allt að fjórfaldri grunnfjárhæð sem er nauðsynleg vegna atvinnu, heilsufars eða annarra brýnna ástæðna.
- Bankainnstæður: Innstæður á almennum bankareikningum að hámarki tvöfaldri grunnfjárhæð fyrir einstakling, eða þrefaldri grunnfjárhæð fyrir hjón/sambúðarfólk.
- Lífeyrisréttindi: Öll lífeyrisréttindi.

Aðrar eignir, svo sem verðbréf, hlutabréf, fasteignir aðrar en lögheimili, bifreiðaeign umfram lið 2 hér að ofan, eða innstæður á bankareikningum umfram ofangreind mörk, teljast til framfærslueigna.

Verðmæti framfærslueigna skal metið á grundvelli markaðsvirðis eftir frádrátt skulda sem tengjast beint eigninni.

Umsækjandi á ekki rétt á almennri fjárhagsaðstoð ef heildarverðmæti eigna hans, eftir frádrátt skulda, fer yfir þrefalda grunnfjárhæð fyrir einstakling, eða fimmfalda grunnfjárhæð fyrir hjón/sambúðarfólk. Þrátt fyrir framangreint getur velferðarnefnd, í sérstökum undantekningartilvikum og ef veigamikil rök mæla með því, veitt fjárhagsaðstoð þótt eignamörk séu lítillega yfir mörkum, enda sé ljóst að umsækjandi geti ekki á annan hátt séð sér farborða. Skal þá leitast við að veita aðstoð sem lán.

III. KAFLI

Réttur til fjárhagsaðstoðar.

Mat á fjárþörf og útreikningur fjárhagsaðstoðar.

10. gr.

Mat á fjárþörf.

Við útreikning fjárhagsaðstoðar er grunnfjárhæð til framfærslu, sbr. 11. gr., lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur, sbr. 12. gr.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

11. gr.

Grunnfjárhæð.

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds og getur numið allt að 229.052 kr. á mánuði, hér eftir nefnd grunnfjárhæð.

Grunnfjárhæð vegna einstaklinga hefur stuðulinn 1,0 en vegna hjóna og fólks í sambúð 1,6. Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar tekur breytingum út frá launavísitölu. Miða skal við launavísitölu í október ár hvert en hækkun tekur gildi frá og með 1. janúar næsta ár. Velferðarnefnd er heimilt að leggja til breytingu á grunnfjárhæð ef hún telur ástæðu til.

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Fjallað er um fjárhagsaðstoð til tekjulágra foreldra með börn á framfæri í 18. gr. reglna þessara. Ef óskað er eftir frekari stuðningi vegna framfærslu barna skal óska eftir því sérstaklega til velferðarnefndar og rökstyðja þörfina.

12. gr.

Tekjur.

Allar tekjur umsækjanda og maka/sambúðaraðila ef við á, í þeim mánuði sem sótt er um og mánuðinum á undan, eru taldar með við mat á fjárþörf. Með tekjum er hér átt við allar tekjur og greiðslur til umsækjanda og maka, þ.e. atvinnutekjur, allar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins nema greiðslur með börnum, greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélag, atvinnuleysisbætur, fæðingarorlofsgreiðslur, leigutekjur o.s.frv. og koma til frádráttar. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá. Eigi umsækjandi rétt á atvinnuleysisbótum skal reikna þær honum til tekna nema læknisvottorði sé framvísað sem staðfestir óvinnufærni.

Greiðslur vegna barna teljast ekki til tekna enda ekki reiknað með framfærslukostnaði þeirra við mat á fjárþörf.

Húsaleigu- og vaxtabætur, auk sérstaks húsnæðisstuðnings, eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsaleigubóta og sérstaks húsnæðisstuðnings, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

13. gr.

Greiðslur meðlags.

Þegar tekjur umsækjanda eru við eða lægri en grunnfjárhæðin skal taka tillit til meðlagsgreiðslna með barni eða börnum sem umsækjandi hefur greitt með reglulega fram að þeim tíma að hann fær fjárhagsaðstoð. Fjárhagsaðstoðin hækkar sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverjum tíma með hverju barni en að hámarki um tvö meðlög.

Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi staðið í skilum með meðlag a.m.k. undanfarna þrjá mánuði. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir.

14. gr.

Atvinnurekendur; sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum.

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hafa lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að þeir hafi stöðvað atvinnurekstur og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006.

Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt, í rökstuddum tilvikum, að veita atvinnurekanda eða sjálfstætt starfandi einstaklingi fjárhagsaðstoð fyrsta mánuðinn sem sótt er um aðstoð án þess að gerð sé krafa um að atvinnurekstur hafi verið stöðvaður. Umsækjandi skal þá leggja fram síðasta skattframtal. Sé um bókhaldsskyldan rekstur að ræða skal, eftir því sem við á, leitast við að afla rekstrar- og efnahagsyfirlits sem er uppfært til síðustu mánaðamóta fyrir umsóknardag. Við mat á umsókn skal líta til þess hvort fjárhagsvandi sé tímabundinn og hvort raunhæft sé að rekstur geti staðið undir framfærslu umsækjanda að þeim tíma liðnum í samræmi við rannsóknarreglu stjórnsýsluréttar.

Sé umsækjandi sjálfstætt starfandi eða launþegi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá Vinnumálastofnun og leiti að fullu starfi.

15. gr.

Aðstoð vegna áfengis- og vímuefna meðferðar.

Einstaklingum sem eru í virkri neyslu áfengis eða annarra vímuefna skal ávallt bjóða aðstoð til að fara í viðeigandi áfengis- eða vímuefna meðferð eða önnur stuðningsúræði.

Heimilt er að synja umsækjanda um fulla fjárhagsaðstoð ef hann er í virkri neyslu áfengis eða annarra vímuefna og neitar að þiggja viðeigandi meðferð eða stuðningsúræði sem honum hafa verið boðin. Í slíkum tilvikum skal þó ávallt tryggja að umsækjandi fái fjárhagsaðstoð sem nemur að lágmarki hálfri grunnfjárhæð til að mæta brýnustu framfærsluþörfum.

Fagteymi fjölskyldu- og félagsþjónustu er heimilt að samþykka að veita aðstoð vegna ferðakostnaðar og vasapeninga til einstaklinga sem eru að fara í áfengis- og/eða aðra vímuefna meðferð sem og aðstoð vegna dvalargjalds á áfangaheimili. Ferðakostnaður getur numið allt að andvirði flugfargjalds á milli Hafnar í Hornafirði og Reykjavíkur hverju sinni. Vasapeningur getur numið allt að fjórðungi grunnfjárhæðar á mánuði í samræmi við ákvörðun fagteymis fjölskyldu- og félagsþjónustu hverju sinni.

16. gr.

Mat á tekjum bænda.

Stundi umsækjandi búrekstur skal mat á tekjum byggt á skattframtali síðasta árs vegna umsókna, sem berast fyrir 1. júlí, en með umsóknum sem berast síðar skal einnig fylgja rekstrar- og efnahagsyfirlit uppfært til 30. júní sama ár. Þá liggi einnig fyrir greiðslumark búins, breytingar á bústofni, yfirlit yfir eignir og skuldir aðrar en þær

er tengjast viðkomandi rekstri, auk tekna utan bús undanfarna tvo mánuði. Fjárförf skal miða við grunnfjárhæð, sbr. 10. gr.

17. gr.

Námsmenn

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Menntasjóði námsmanna geta að öðru jöfnu ekki sótt um fjárhagsaðstoð. Sama á við um maka eða sambýlismann násmanns, enda sé gert ráð fyrir framfærslu maka við útreikning námslána.

IV. KAFLI

Heimildir vegna sérstakra aðstæðna.

18. gr.

Aðstoð til tekjulágra foreldra vegna barna á þeirra framfæri.

Heimilt er að veita foreldrum, sem hafa haft tekjur undanfarna fjóra mánuði sem eru við eða lægri en grunnfjárhæðin, sérstaka fjárhagsaðstoð til að greiða fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, lengdan skóladag, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru 10% af grunnfjárhæð á mánuði.

Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárfstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við foreldra sem hafa haft tekjur við eða undir grunnfjárhæð undanfarna 12 mánuði eða lengur. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað, skólagjöld og ferðakostnað til og frá skóla.

19. gr.

Sameiginlegt heimilishald.

Búi umsækjandi í foreldrahúsum, hjá öðrum ættingjum eða njóti hagræðis með einhverjum hætti af sambúð eða tengslum, nemur upphæð fjárhagsaðstoðar til umsækjanda tveimur þriðju af fullri grunnfjárhæð.

Njóti umsækjandi ekki hagræðis af búsetu hjá foreldrum, ættingjum eða vegna annarra tengsla, svo sem ef umsækjandi greiðir fullt markaðsverð fyrir leigu og kostnað, hefur sér inngang, sér eldhús og bað, eða ef um er að ræða sambúð vegna veikinda þar sem hagræði er lítið eða ekkert, er heimilt að greiða fulla grunnfjárhæð, enda sé það rökstutt sérstaklega.

20. gr.

Styrkur vegna húsbúnaðar.

Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- a. Til einstaklings sem hefur lægri tekjur en sem nema grunnfjárhæð, er undir eignamörkum, sbr. 9. gr. reglna þessara, og er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun.
- b. Til fólks, sem er undir eignamörkum, sbr. 9. gr. reglna þessara, með tekjur við eða undir grunnfjárhæð, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn.
- c. Til foreldra sem undir eignamörkum, sbr. 9. gr. reglna þessara, hafa átt í miklum félagslegum erfiðleikum og eru að stofna heimili í fyrsta sinn.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru grunnfjárhæð til einstaklinga en hjón taka stuðulinn 1,6.

Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni.

21. gr.

Greiðsla sérfræðiaðstoðar.

I. Heimilt er að veita einstaklingum í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá félagsráðgjöfum, geðlæknum og sálfræðingum, sem liður í samþykkttri og skipulagðri meðferðaráætlun sem nær yfir lengri tíma og er hluti af heildstæðri aðstoð velferðarsviðs, og þegar ljóst er, eftir könnun velferðarsviðs, að ekki er hægt að veita sambærilega þjónustu með fullnægjandi hætti innan velferðarsviðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar eða á vegum heilbrigðisstofnana:

- a. Einstaklingum á aldrinum 18-24 ára sem alist hafa upp við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika.
- b. Einstaklingum sem hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða.
- c. Einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi.

II. Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga til einstaklinga sem hafa tekjur við eða undir grunnfjárhæð og uppfylla a.m.k. eitt eftirfarandi skilyrði:

- a. Hafa átt við langvarandi atvinnuleysi að stríða eða verið tekjulausir undanfarna sex mánuði eða lengur.
- b. Eru lífeyrisþegar.
- c. Hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu til lengri tíma.

Kostnaðaráætlun tannlæknis skal fylgja með umsókn.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru hálf grunnfjárhæð á ári.

22. gr.

Skyndiaðstoð.

Heimilt er að veita einstaklingi fjárhagsaðstoð í formi skyndiaðstoðar, þó svo öll tilskilin gögn fylgi ekki umsókn, ef um brýna neyð er að ræða. Skyndiaðstoð getur mest numið 25% af grunnfjárhæð. Skyndiaðstoð skal að jafnaði veitt sem lán eða styrkur og aðeins er heimilt að veita aðstoð á þennan hátt einu sinni á ári.

Ef umsækjandi skilar inn öllum gögnum og sækir um fulla aðstoð í sama mánuði telst veitt skyndiaðstoð til tekna þess mánaðar.

23. gr.

Endurhæfing.

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til einstaklinga sem ekki uppfylla skilyrði til réttar á sjúkra- og endurhæfingarlífeyri en eru með virka stuðningsáætlun hjá félagsþjónustu sem getur innihaldið nám, vinnuprófun eða sambærileg úrræði. Aðstoðin skal miðast við grunnfjárhæð ásamt tilfallandi kostnaði sem samþykktur hefur verið á fundi fagteymis fjölskyldu- og félagsþjónustu.

24. gr.

Útfararstyrkir.

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki staðið undir útför hins látna. Viðmiðunarmörk styrks eru þau sömu og upphæð grunnfjárhæðar hjóna/sambúðarfólks.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk:

- a. Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna.
- b. Launaseðlar og greiðslufirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum.
- c. Staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks.
- d. Tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28. gr. sömu laga.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru innan þeirra eignamarka sem skilgreind eru í 9. gr. reglna þessara.

Heimilt er að veita tekjulágu foreldri eða foreldrum fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns. Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

25. gr.

Öryggishnappur.

Heimilt er að veita lífeyrisþegum fjárhagsaðstoð vegna öryggishnapps. Skilyrði er að umsækjendur hafi einungis tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins eða tekjur nái ekki grunnfjárhæð og þeir þurfi samkvæmt læknisvottorði öryggishnapp til að geta búið heima.

Styrkurinn nemi að hámarki hlut umsækjanda í stofnkostnaði sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir ekki.

26. gr.

Afallaaðstoð.

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagsaðstoð í eftirfarandi tilvikum:

- a. Vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis sem orðið hefur vegna bruna, skriðufalla, snjóflóða eða annarra hamfara. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilstryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið.
- b. Þegar rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum er heimilt að veita aðstoð til kaupa á búslóð.

Viðmiðunarmörk eru tveir þriðju af upphæð grunnfjárhæðar.

27. gr.

Styrkur eða lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu.

Heimilt er að veita þeim sem hafa haft tekjur við eða undir grunnfjárhæð í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan, lán eða styrk til fyrirframgreiðslu húsaleigu. Þinglýstur húsaleigusamningur skal liggja fyrir eða staðfesting frá opinberum aðila eða stofnun á markaði. Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði. Hámark láns er tvöföld grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar.

28. gr.

Aðstoð vegna sérstakra fjárhagserfiðleika.

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk vegna sérstakra fjárhagserfiðleika, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a. Staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánaþyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana.
- b. Fyrir liggi yfirlit starfsmanns velferðarsviðs eða umboðsmanni skuldara um fjármál heimilisins um fjárhagsstöðu umsækjanda.
- c. Fyrir liggi á hvaða hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra. Styrkur kemur einungis til álita hafi umsækjandi haft tekjur á eða undir grunnfjárhæð undanfarandi sex mánuði eða lengur.

Lán skal ekki veitt ef ljóst er að umsækjandi muni ekki geta staðið undir afborgunum af því. Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð vegna greiðsluerfiðleika og til kaupa á nauðsynjum, svo sem gleraugum, fatnaði, heymartækjum og öðrum hjálpartækjum sem Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í að greiða.

29. gr.

Um fjárhagsaðstoð sem veitt er í formi láns.

Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að umsækjandi notfæri sér greiðsluþjónustu banka eða sparisjóða, enda liggi fyrir mat á endurgreiðslugetu umsækjanda.

Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra lán hjá sveitarfélaginu skal gera eldra lánið upp eða sameina það nýrri lánveitingu áður en nýtt lán er veitt.

30. gr.

Sérstök fjárhagsaðstoð í desember.

Heimilt er að veita sérstaka desemberuppbót til barnafjölskyldna sem eiga við félagslega og fjárhagslega erfiðleika að etja. Upphæðin nemur 15% grunnfjárhæðar á hvert barn, þó aldrei minna en 25% en að hámarki 50% grunnfjárhæðar. Umsækjandi þarf að sækja sérstaklega um sérstaka desemberuppbót með rökstuðningi.

V. KAFLI

Málsmeðferð í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

31. gr.

Könnun á aðstæðum.

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist.

Eftir að starfsmaður velferðarsviðs hefur yfirfarið umsókn, og eftir atvikum fengið umsækjanda í viðtal, er hún lögð fyrir á vikulegum fundi fagteymis fjölskyldu- og félagsþjónustu sem tekur ákvörðun út frá þeim gögnum sem borist hafa í samræmi við reglur þessar. Niðurstaða fagfundar fjölskyldu- og félagsþjónustu skal tilkynnt umsækjanda rafrænt eða í bréfpósti svo fljótt sem unnt er, og skal umsækjanda jafnframt kynntur réttur hans til að fara fram á rökstuðning ákvörðunar.

32. gr.

Samvinna við umsækjanda.

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, sbr. 1. mgr. 58. gr. laga nr. 40/1991, að öðrum kosti umboðsmanni hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

33. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.

Málsgögn sem varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Starfsmönnum er óheimilt að fjalla um einkahagi umsækjanda eða annarra sem þeir hafa kynnst í starfi sínu við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi, sbr. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 40/1991 og 42. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum, sbr. 1. mgr. 59. gr. laga nr. 40/1991 og 15. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Persónuupplýsingar og málsgögn skulu ekki varðveitt lengur en nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar og í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, og lög um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014. Þegar varðveislutíma er lokið skal gögnum eytt með tryggilegum hætti eða þau afhent héraðsskjalasafni ef við á.

Áður en ákvörðun er tekin í máli sem er umsækjanda í óhag skal honum gefinn kostur á að tjá sig um efni málsins. Skal umsækjanda veittur hæfilegur frestur til að koma á framfæri athugasemdum sínum, sérstaklega ef um er að ræða upplýsingar sem stjórnsýslan hefur aflað frá öðrum aðila og eru umsækjanda óhagstæðar. Ákvæði 13. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um andmælarétt gilda um málsmeðferð samkvæmt reglum þessum.

34. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda.

Við afgreiðslu umsóknar skal bjóða umsækjanda félagslega- og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið velferðarsviðs, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

35. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar.

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð eftir því sem við á.

36. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar.

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur sveitarfélagið endurkrafíð viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

Hafi umsækjanda verið greidd hærri fjárhagsaðstoð en vera bar samkvæmt reglum þessum og rekja má ofgreiðslu til rangra eða villandi upplýsinga umsækjanda er heimilt að draga upphæðina frá fjárhagsaðstoð sem umsækjandi kann að öðlast rétt til síðar. Þó verður að gæta þess að ekki verði gengið lengra en svo við skuldajöfnuð að umsækjandi geti áfram séð fyrir sér og sínum, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

37. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum.

Starfsmenn velferðarsviðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarnefndar.

38. gr.

Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð.

Niðurstaða á afgreiðslu umsóknar um fjárhagsaðstoð á fagfundi fjölskyldu- og félagsþjónustu skal tilkynnt umsækjanda rafrænt í gegnum Ísland.is, íbúagátt eða með bréfpósti. Samhliða skal upplýsa umsækjanda um rétt hans til að vísa niðurstöðunni til velferðarnefndar og óska eftir að hún sé tekin til endurskoðunar.

Umsækjandi hefur að öðru jöfnu fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til velferðarnefndar frá því honum barst vitneskja um ákvörðun fagfundar fjölskyldu- og félagsþjónustu. Ósk umsækjanda um að velferðarnefnd fjalli um mál hans skal berast í bréfpósti eða á netfang velferðarsviðs (velferd@hornafjordur.is) eða starfsmanna þess og skal henni fylgja ítarleg greinargerð um ástæður þess að hann telji niðurstöðu fagfundar fjölskyldu- og félagsþjónustu ekki rétta. Velferðarnefnd skal fjalla um umsókn og taka rökstudda ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun velferðarnefndar skal kynnt umsækjanda rafrænt í gegnum íbúagátt eða með bréfpósti og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

39. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarnefndar til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 40/1991 og lög um úrskurðarnefnd velferðarmála, nr. 85/2015. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun velferðarnefndar, sbr. 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

40. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar voru kynntar á fundi velferðarnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar 16. september 2024, samþykktar á fundi bæjarráðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar 24. september 2024 og staðfestar á fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar 10. október 2024.

Reglurnar voru uppfærðar og samþykktar í bæjarstjórn 8. janúar 2026.

Reglurnar voru uppfærðar og samþykktar í bæjarstjórn 4. júní 2026.

Reglurnar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla brott reglur sama efnis nr. 1231/2024.

Sveitarfélaginu Hornafirði, 7. júlí 2026.

Hjalti Þór Vignisson bæjarstjóri.